



HRUNAMANNAHREPPUR

19. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 11. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 3. NÓVEMBER 2011
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2011, þann 3. nóvember kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, skipun fulltrúa vegna landskipulagsstefnu 2012-2024. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þetta erindi fram.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011.
2. Iðnaðarráðuneytið: Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða-Rammaáætlun-.
3. Drög að samningi við Hestamannafélagið Smára vegna unglingsstarfs.
4. Reiðhöllin á Flúðum. Styrkur
5. Þorsteinn Sæmundsson: Leiðrétting fasteignagjalda.
6. Gjaldskrá gatnagerðargjalda.
7. Refa- og minkaveiðar.
8. Umhverfisráðuneytið: Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum.
9. Umhverfisstofnun: Tilnefning fulltrúa í vatnasvæðanefnd.
10. Bændamarkaður á Flúðum.
11. Ritið Ísland atvinnuhættir og menning 2010.
12. Reglur um tjaldsvæði á Flúðum.
13. Vegagerðin: Svar Vegagerðarinnar vegna héraðsvega.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

14. Fræðslunefnd: Fundargerð 12. fundar vegna Flúðaskóla frá 24. október s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

15. 40. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 20. október s.l. og 71. afgreiðslufundur frá 5. október s.l.
16. Velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 3. fundar frá 12. október s.l.
17. Fundargerð NOS 24. október s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 303. stjórnarfundar frá 5. október s.l.
- b. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 134. stjórnarfundar 6. október s.l.
- c. SASS: Fundargerð 447. stjórnarfundar frá 7. október s.l.
- d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 207. stjórnarfundar frá 10. október s.l.
- e. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 208. stjórnarfundar frá 17. október s.l.

Kynningarmál:

- f. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða: Styrkumsóknir.
- g. Kynningafundur vegna samtaka orkusveitarfélaga 14. október s.l.
- h. Skipulagsstofnun: Matskylda vegna rannsóknarborholu í Keis.
- i. Fornleifavernd ríkisins: Athafnasvæði Kerlingarfjalla.
- j. Skeiða og Gnúpverjahreppur: Vegslóði í Kisubotna.
- k. Fundur með fjárlaganefnd Alþingis: Minnispunktar.
- l. Fundur með þingmönnum Suðurkjördæmis. Minnispunktar.
- m. SASS: Tillögur framkvæmdaráðs sóknaráætlunar Suðurlands til fjárfestingaráætlunar.
- n. Brunabót: Samþykkt frá aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ og fundargerð fulltrúaráðs EBÍ frá 12. október s.l.

- o. Proskahjálpar: Ályktanir samþykktar á landsþingi Landssamtakanna Proskahjálpar.
- p. Forsætisráðuneytið: Framlenging á rannsóknarleyfi á jarðhita í fjallinu Keis.
- q. Forsætisráðuneytið: Leyfi vegna framkvæmda í Þjóðlendu í fjallinu Keis.
- r. Dagur gegn einelti 8. nóvember 2011.
- s. Greinargerð stefnda í héraðsdómsmálinu Árni Hjaltason gegn Hrunamannahreppi.

Skýrsla á skrifstofu:

- t. Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga; Árskýrsla 2010.
- u. Mennta og menningarmálaráðuneytið: Stefnumótun mennta og menningamálaráðuneytis í íþróttamálum.
- v. Mennta og menningarmálaráðuneytið: Æskulýðsrannsóknin *Ungt fólk 2011 í 5. 6. og 7. bekk grunnskóla.*

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. **Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011.**
Oddviti lagði fram tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun hreppsins. Vísað er til framlagðra gagna sem Einar Sveinbjörnsson hjá KPMG hefur tekið saman. Hreppsnefnd samþykkir endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2011.
2. **Iðnaðarráðuneytið: Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða-Rammaáætlun-.**
Oddviti kynnti rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Hreppsnefnd fagnar því að vinna við rammaáætlun skuli vera á lokastigi og telur mikilvægt að faglegt mat ráði því hvernig virkjunarkostir flokkist. Nokkrir virkjunarkostir eru á skipulagssvæði sveitarfélagsins, í Hvítá og Kerlingarfjöllum, og er þeim ráðað í mismunandi flokka. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við flokkun þeirra virkjunarkosta í rammaáætlun sem heyra beint undir sveitarfélagið.
Hins vegar tekur hreppsnefnd undir þá skoðun Skeiða- og Gnúpverjahrepps að Norðlingaölduveita í 566-567,5m án setlóns eigi að fara í biðflokk ekki verndarflokk þar sem ekki hefur farið fram sérstakt umhverfismat vegna þeirrar framkvæmdar. Þá tekur hreppsnefnd undir samþykkt sveitarstjórnar Bláskógabyggðar og ályktun Umhverfis- og skipulagsnefndar á ársþingi SASS 2011 í Vík í Mýrdal um að vatnsyfirborð Hagavatns verði fært til upprunalegs horfs með stíflu í Farinu í Hvítá. Þar með myndu skapast skilyrði til byggingar jafnrennslisvirkjunar og ætti sá kostur að vera færður úr biðflokki í nýtingarflokk.
3. **Drög að samningi við Hestamannafélagið Smára vegna unglíngastarfs.**
Oddviti kynnti drög að samstarfssamningi Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps við Hestamannafélagið Smára vegna unglíngastarfs. Hreppsnefnd samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
4. **Reiðhöllin á Flúðum. Styrkur.**
Oddviti kynnti beiðni stjórnar Reiðhallarinnar á Flúðum um styrk til greiðslu fasteignagjalda vegna reiðhallarinnar. Hreppsnefnd samþykkir að styrkja Reiðhöllina á Flúðum um kr. 250.000 og fela sveitarstjóra jafnframt að gera á móti samstarfssamning við Reiðhöllina um ákveðin afnot leik- og grunnskóla af reiðhöllinni.
5. **Þorsteinn Sæmundsson: Leiðrétting fasteignagjalda.**
Oddviti kynnti erindi sem borist hefur frá Þorsteini Sæmundssyni vegna ákvörðunar hreppsnefndar um leiðréttingu fasteignagjalda. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að ræða við viðkomandi um lausn á málinu.
6. **Gjaldskrá gatnagerðargjalda.**
Oddviti kynnti málið og lagði fram yfirlit um hækkun gatnagerðargjalda vegna vísitölubreytinga. Hreppsnefnd samþykkir að gatnagerðargjöld sem lögð eru á samkvæmt gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld á Flúðum í Hrunamannahreppi nr. 721/2007 lækki miðað við vísitölu októbermánaðar 2011 um 25%. Breytingin tekur gildi frá og með ákvörðun hreppsnefndar en tekur ekki til eldri álagningar eða álagningar gatnagerðargjalda skv. eldri gjaldskrá Hrunamannahrepps um gatnagerðargjöld.

7. Refa- og minkaveiðar.

Oddviti kynnti skýrslu um refa- og minkaveiðar vegna ársins 2011. Hreppsnefnd þakkar veiðimönnum sveitarfélagsins fyrir góða vinnu og felur sveitarstjóra að vinna að áframhaldandi samningum við veiðimenn um refa- og minkaveiði.

8. Umhverfisráðuneytið: Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Oddviti kynnti beiðni Umhverfisráðuneytisins um umsögn varðandi breytingar á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Ekki eru gerðar athugasemdir við gr. 1 – 8 og 10 -12 í frumvarpinu en eftirfarandi athugasemdir/ábendingar eru gerðar við gr. 9 sem fjallar um hvaða framkvæmdir falla undir ákvæði laganna, þ.e. 1. viðauka:

| | |
|------------------|---|
| 1.01 – 1.02 | Skýra þarf betur hvað átt er við með endurskipulagningu á landareignum í dreifbyli. |
| 1.03 | Skýra þarf betur hvað átt er við með þaulnýtnum landbúnaði. Telst nýræktun túna á lítt snortnum svæðum þar á meðal. |
| 1.06 | Skýra þarf betur út hvað átt er við með <i>ruðningi á náttúrulegum skógi sem breytir fyrri landnotkun</i> . Á þetta t.d. við um skipulagningu frístundabyggðar í birkiskógi sem felur óneitanlega í sér lagningu vega og að búið sé til rými fyrir frístundahús. Þó svo að slíkar byggðir feli í sér að fella þurfi tré í upphafi framkvæmda er ekki hægt að segja að þær feli í sér skógareyðingu nema síður sé. |
| 1.10 | Skýra þarf hvað átt er við með þauleldi búfjár. Vísað er í búnaðarlög nr. 70/1998 en þar er eingöngu fjallað um hvað telst vera búfé en ekki hvað telst vera þauleldi. |
| 2.04 | Með þessu ákvæði virðist sem allar námur eigi að falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Á þetta einnig við um efnistöku til eigin nota í samræmi við 3. mgr. 47. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. |
| 7.06 | Skýra þarf betur hvað átt er við með framleiðslu á mjólkurvörum. Á þetta einnig við um mjólkurframleiðslu, þ.e. kúabú. |
| 7.08 | Skýra þarf betur hvað átt er við með öl- og maltgerð. |
| 10.01 – 10.02 | Skýra þarf betur hvað átt er við með iðnaðarframkvæmdum. Á þetta við um alla starfsemi sem fer fram á skilgreindum iðnaðarsvæðum skv. skipulagi. |
| 10.10 | Skýra þarf betur hvað átt er við með vegi. Á þetta einnig við um einkavegi s.s. vegslóða innan bújarða, túnvegi o.s.frv. |
| 10.21- 10.22 | Skýra þarf betur hvað átt er við með vatnsleiðslu. Er átt við allir lagnir í jörðu sem flytja heitt- eða kalt vatn hvort sem um er að ræða stofn- eða dreifilagnir. |
| 11.06 | Skýra þarf hvort að þetta ákvæði eigi við um hreinsimannvirki skv. 15. gr. reglugerðar nr. 650/2006. |
| 11.15 | Skýra þarf betur hvað felst í orðinu endurvinnslustöð. Miðað við nýlega niðurstöðu Skipulagsstofnunar á þetta við um þegar nýta á lífrænan úrgang til áburðarframleiðslu. |

9. Umhverfisstofnun: Tilnefning fulltrúa í vatnasvæðanefnd.

Oddviti kynnti beiðni Umhverfisstofnunar um tilnefningu sveitarfélagsins í vatnasvæðanefnd vegna vatnasvæðis 3. Hreppsnefnd tilnefnir Hannibal Kjartansson veitustjóra í nefndina.

10. Bændamarkaður á Flúðum.

Oddviti kynnti beiðni Bjarneyjar, Hörpu og Ásdísar í Auðsholti að taka aftur á leigu húsnæði í handavinnustofu og eldhúsi skóla til reksturs bændamarkaðar sumarið 2012. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að ganga frá samningi við umsækjendur um útleigu á húsnæðinu til bændamarkaðar.

11. Ritið Ísland atvinnuhættir og menning 2010.

Oddviti kynnti erindi frá SöguZ ehf um þátttöku sveitarfélagsins í ritinu Ísland, atvinnuhættir og menning. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra og ferðamálafulltrúa Uppsveita að skoða þátttöku í verkefninu með öðrum sveitarfélögum í Uppsveitum.

12. Reglur um tjaldsvæði á Flúðum.

Oddviti kynnti breytingar á reglum sem gilda um tjaldsvæðið á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir reglurnar.

13. Vegagerðin: Svar Vegagerðarinnar vegna héraðsvega.

Oddviti kynnti svar Vegagerðarinnar vegna fyrirspurnar Hrunamannahrepps vegna héraðsvega. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að boða til fundar með Vegagerðinni til að ræða þessi mál.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

14. Fræðslunefnd: Fundargerð 12. fundar vegna Flúðaskóla frá 24. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna Flúðaskóla frá 24. október s.l. Farið var yfir skýrslu skólustjóra, yfirlit vegna reksturs skólans og fjárhagsáætlun 2011, nýjar reglur um skjalavörslu í grunnskólum, skólaþing og úttekt á rekstri skólans. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

15. 40. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 20. október s.l. og 71. afgreiðslufundur frá 5. október s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 40. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 20. okt. 2011 en þar var farið yfir 2 mál fyrir Hrunamannahrepp og 1 sameiginlegt. Farið var yfir mál nr. 5. fundargerð 71. afgreiðslufundar frá 5. október þar sem 3 mál voru tekin fyrir sem tengdust Hrunamannahreppi. Mál nr. 6, samþykkt að grenndarkynna bílskúrsbyggingu og stækkun íbúðarhúss að Smiðjustíg 19. Mál nr. 15, þar sem samþykkt var beiðni Vegagerðarinnar um stofnun lóðar undir vegstæði úr landi Sunnuhlíðar. Hreppsnefnd samþykkir ofangreind mál og fundargerðina að öðru leyti.

16. Velferðarnefnd Árneshöfða: Fundargerð 3. fundar frá 12. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar Velferðarnefndar Árneshöfða. Farið var yfir tillögur að nýjum reglum um heimaþjónustu, kynntar atvinnuleysisstölur, kynntur fundur með jafnréttisstofu, bréf Velferðarráðuneytisins um aðgerðaráætlun um ofbeldi gegn konum kynnt og trúnaðarmál. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina og samþykkir nýjar reglur um heimaþjónustu.

17. Fundargerð NOS 24. október s.l.

Oddviti kynnti fundargerðina. Farið var yfir erindisbréf nefndarinnar, fjárhagsáætlun 2012 lögð fram og farið yfir verkefnalýsingu félagsmálastjóra. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina og samþykkir fjárhagsáætlun fyrir árið 2012.

Önnur mál

18. Skipun fulltrúa vegna landskipulagsstefnu 2012-2024.

Lagt fram erindi frá Skipulagsstofnun þar sem beðið var um skipan fulltrúa í samráðsvettvang vegna landskipulagsstefnu 2012-2024. Hreppsnefnd skipar Pétur Inga Haraldsson, skipulagsfulltrúa sem fulltrúa Hrunamannahrepps.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 303. stjórnarfundar frá 5. október s.l. Fundargerð lögð fram.
- b. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 134. stjórnarfundar 6. október s.l. Fundargerð lögð fram.
- c. SASS: Fundargerð 447. stjórnarfundar frá 7. október sl. Fundargerð lögð fram.
- d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 207. stjórnarfundar frá 10. október s.l. Fundargerð lögð fram.
- e. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 208. stjórnarfundar frá 17. október s.l. Fundargerð lögð fram.

Kynningarmál:

- f. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða: Styrkumsóknir. Lagt fram til kynningar.
- g. Kynningafundur vegna samtaka orkusveitarfélaga 14. október s.l. Lagt fram til kynningar.

- h. Skipulagsstofnun: Matskylda vegna rannsóknarborholu í Keis. Lagt fram til kynningar.
- i. Fornleifavernd ríkisins: Athafnasvæði Kerlingarfjalla. Lagt fram til kynningar.
- j. Skeiða og Gnúpverjahreppur: Vegslóði í Kisubotna. Lagt fram til kynningar.
- k. Fundur með fjárlaganefnd Alþingis: Minnispunktar. Lagt fram til kynningar.
- l. Fundur með þingmönnum Suðurkjördæmis. Minnispunktar. Lagt fram til kynningar.
- m. SASS: Tillögur framkvæmdaráðs sóknaráætlunar Suðurlands til fjárfestingaráætlunar. Lagt fram til kynningar.
- n. Brunabót: Samþykkt frá aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ og fundargerð fulltrúaráðs EBÍ frá 12. október s.l. Lagt fram til kynningar.
- o. Þroskahjálp: Ályktanir samþykktar á landsþingi Landssamtakanna Þroskahjálpar. Lagt fram til kynningar.
- p. Forsætisráðuneytið: Framlenging á rannsóknarleyfi á jarðhita í fjallinu Keis. Lagt fram til kynningar.
- q. Forsætisráðuneytið: Leyfi vegna framkvæmda í Þjóðlendu í fjallinu Keis. Lagt fram til kynningar.
- r. Dagur gegn einelti 8. nóvember 2011. Lagt fram til kynningar.
- s. Greinargerð stefnda í héraðsdómsmálinu Árni Hjaltason gegn Hrunamannahreppi. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- t. Málþing um ferðapjónustu á Hótel Flúðum 16. nóvember. Lagt fram til kynningar.
- u. Fræðslufundur um jafnréttisáætlanir sveitarfélaga í Grunnskóla Hveragerðis 28. nóvember. Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- v. Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga; Árskýrsla 2010.
- w. Mennta og menningarmálaráðuneytið: Stefnumótun mennta og menningamálaráðuneytis í íþróttamálum.
- x. Mennta og menningarmálaráðuneytið: Æskulýðsrannsóknin *Ungt fólk 2011 í 5. 6. og 7. bekk grunnskóla.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:30.